

**64. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
mánudaginn 14. nóvember 2011 og hófst hann kl. 11:00**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson,

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir,

Dagskrá:

- 1. 1111024 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið forfallakennsla í skólum**
Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna forfallakennslu dagsett 21.06 2011.
Trausti var inntur eftir því hvort ekki væri í lagi með forfallakennsluna í grunnskólanum og hann taldi svo vera. Trausti sagðist ætla að gera smá breytingar á stundatöflunni en það verður látið vita af því með fyrirvara. Er hann með í huga þá tíma sem eru notaðir í dag í frjálsum tíma (sem eru í raun tónlistar og heimanáms tímar) og nýta þá betur til að styðja nemendur betur í námi. Samþykkt samhljóða.
- 2. 1110026 - Mennta- og menningarmálarn. Rannsk Ungt fólk 2011**
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1109085 - Félagsmiðstöðin Tunglið**
Fundur var haldin 9.nóv með skólanefnd, foreldrafélaginu og foreldrum og börnum úr 8-9-10 bekk. Málinu vísað til hreppsnefndar til umsagnar og að í framhaldi verði auglýst eftir forstöðumanni Tunglsins. Samþykkt samhljóða.
- 4. 1109084 - Haustskýrsla grunnskóladeildar Tálknafjarðarskóla**
Trausti sagði að sá háttur væri orðin á að í raun sé þessi skýsla tekin úr Mentor, en hann þarf að leggja hana fyrir skólanefnd og annaðhvort fær hann skýrsluna, sem Hagstofan er með undir höndum eða hann mun setja saman skýrsluna sjálfur. Samþykkt samhljóða.
- 5. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**
Trausti sagði frá hugmyndum sem hann er að vinna í varðandi Tálknafjarðarskólann og kynningu hans. Og taka má fram að hann kemur til með að vinna þetta í samvinnu við nemendur og þá sem áhuga hafa á þessu. Ýmislegt er framundan hjá grunnskólanum og mjög spennandi kynningar og annað.
- 6. 1001015 - Önnur mál**
Spurt var eftir samræmduprófunum og fór Trausti vel yfir það og mun leggja útkomuna síðar fyrir skólanefnd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:54

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____